

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 31. mars kl. 13:00 var haldinn 363. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir í fjarveru Þórðar Gunnarssonar, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Helena Guðrún Guðmundsdóttir að hlutar.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála, þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 26.03.2025 lagt fram.
2. Fundargerðir stjórnarfunda SF361 og SF362 lagðar fram. Fundargerðir samþykktar og verða sendar til rafrænnar undirritunar.
3. Framkvæmdastjóri fjármála lagði fram drög að ársfjórðungsuppgjöri. Umræður.

Minnisblað sjálfbærnistjóra um sjálfbærnireikningsskil Orkuveitunnar, dags. 22. mars 2025 lagt fram og kynnt. Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri mætti til fundarins og gerði grein fyrir minnisblaðinu og tillögu að aðkomu stjórnar að rýni mikilvægisgreiningar. Afgreiðslu tillögunnar frestað til næsta fundar.

4. Mat á störfum stjórnar. Frestað. Verður sent út milli funda.
5. Mat á störfum forstjóra. Stjórn mat frammistöðu forstjóra sameiginlega.
6. Vala Valtýsdóttir, formaður starfskjaranefndar lagði fram og kynnti svohljóðandi tillögu um starfskjör forstjóra. Tillögunni fylgir greinargerð:
Starfskjaranefnd leggur til að stjórn samþykki að heildarmánaðarlaun forstjóra hækki úr kr. 3.800.000 í kr. 4.030.400 eða að föst laun hækki um sem nemur hækkun launavísitölu eða 6,4%, þannig verði föst laun kr. 3.830.400 auk mánaðarlegs ökutækjastyrks að fjárhæð kr. 200.000. Þannig að heildarlaun forstjóra verði 4.030.400. Miðast hækkunin við 1. apríl 2025.
Samþykkt samhljóða.

Hlé

7. Klukkan 15:21 mættu Hera Grímsdóttir framkvæmdastjóri Rannsóknar og nýsköpunar, Harpa Pétursdóttir forstöðukona nýrra orkukosta, Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisgyðja, Hildur Kristjánsdóttir og Dario Ingi Di Renzo á fundinn og kynntu rannsóknir í Þverárdal, sem einnig var kynnt á SF 360. Lagt fram minnisblað dags 25.03.2025. Umræður. Stjórn óskar eftir nánari upplýsingum og gagnaöflun um málið. Hera, Harpa, Hólmfríður, Hildur og Dario yfiráfu fundinn klukkan 16:39.

8. Lagt var fram minnisblað um stöðu sjálfbærni og forðamála dags. 27.03.2025
9. Starfskjarastefna, lögð fram til rýni. Stefnan samþykkt samhljóða.
10. Dótturfélög. Stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda. Til upplýsingar.
 - Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 26.03.2025.
 - Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr 237 dags. 21.02.2025.
 - Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr 238 dags. 04.03.2025.
 - Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar dags. 26.03.2025.
 - Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar nr. 72 dags. 19.02.2025
 - Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar nr. 73 dags. 27.02.2025
 - Fundargerð stjórnarfundar ON Power. 94 dags. 19.02.2025
 - Fundargerð stjórnarfundar ON Power. 95 dags. 27.02.2025
 - Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 27.03.2025.
 - Fundargerð stjórnarfundar Veitna 163 dags. 19.02.2025
 - Fundargerð stjórnarfundar Veitna nr. 164 dags. 27.02.2025
 - Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix dags. 20.02.2025
 - Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix dags. 11.03.2025
11. Skýrsla forstjóra dags 31.03.2025. Stjórnarfolk dótturfélaga. Til upplýsinga. Lagðar fram ferilskrár Elínar Þórunnar Eiríksdóttur og Ásu Rúnar Björnsdóttur.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:53.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28. apríl 2025.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Skúli Þór Helgason
Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 3. mars kl. 13:00 var haldinn 361. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Davíð Sigurðsson í fjarveru Guðveigar Eyglóardóttur og Helena Guðrún Guðmundsdóttir að hluta.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála, þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 28. febrúar 2025 lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF360 lögð fram. Fundargerðin samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
3. Framkvæmdastjóri fjármála mætti til fundarins ásamt Bryndísi Maríu Leifsdóttur og Hrafnhildi Fanngeirsdóttur frá reikningshaldi og Eiríki Hjálmarssyni, sjálfbærnistjóra. Þau gerðu grein fyrir drögum að ársreikningi og ársskýrslu.

Valgarður Lyngdal mætti til fundarins kl 13:15.

4. Klukkan 15:05 mættu Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfíx og Kristinn Ingi Lárusson viðskiptaþróunarstjóri til fundarins og gerðu grein fyrir sviðsmyndagreiningu fyrir Carbfíx.
5. Klukkan 16:05 mættu Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar og Sunna Jóhannsdóttir, fulltrúi í endurskoðunarnefnd til fundarins og kynntu starfsskýrslu endurskoðunarnefndar fyrir tímabilið ágúst 2023 til júní 2024.
Umræður.
Klukkan 16:25 yfirgáfu Lárus og Sunna fundinn.
6. Klukkan 16:25 mættu Dagmar I. Birgisdóttir, Vigdís Eva Líndal, Gísli Björn Björnsson, Hólmfríður Sigurðardóttir og Reynir Guðjónsson til fundarins og gerðu grein fyrir heildstæðri skýrslugjöf um áhættustýringu og lögðu fram svohljóðandi tillögu. Reynir tók þátt um fjarfundabúnað. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn samþykkir að heildstæð skýrslugjöf um áhættustjórnun verði hluti af reglubundinni skýrslugjöf til stjórnar og að hún verði lögð fyrir ársfjórðungslega.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Klukkan 16:52 yfirgáfu þau Dagmar, Vigdís, Gísli, Hólmfríður og Reynir fundinn.

7. Svohljóðandi tillögur til aðalfundar lagðar fram:

Umboð til boðunar aðalfundar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita stjórnarformanni umboð til boðunar aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur 2025, í samræmi við sameignarsamning og að höfðu samráði við eigendur.

Samþykkt samhljóða.

Endurskoðun:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2025.

Samþykkt samhljóða.

Arðgreiðslur:

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 6.500 milljónir króna eða rúmlega 2,4% af eigin fé í árslok 2024 og 70% af hagnaði ársins.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2024-2026.

Tillagan samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Helgasonar, Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Þórður Gunnarsson greiðir atkvæði gegn tillögunni.

Þóknun stjórnar:

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Með vísan í c. lið greinar 4.2 starfskjarastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem kemur fram að þóknun stjórnar skuli taka mið að þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þess tíma sem varið er til stjórnarstarfa og að teknu tilliti til almennrar þróunar launa innan og utan OR. Litið var til tveggja opinberra fyrirtækja, þ.e. til Landsvirkjunar og Landsnets en þar var hækkun árin 2022 (v. 2023) og 2023 (v 2024) m.t.t. verðbólgu (9%) en tölur fyrir 2024 eru ekki enn komnar. Ef miðað er við sömu aðferðafræði og beitt var milli 2022 og 2023 voru stjórnarlaun Landsvirkjunar um 307.000 kr. á mánuði á síðasta ári og stjórnarlaun Landsnets um 250.000 kr. Stjórnarlaun vegna Strætó bs. og Faxaflóahafna sf. hækkðu milli ára um sem nemur hækkun launavísitölu. Launavísitala milli ára – þ.e. frá desember 2023 – desember 2024 var 6,4%. Til samanburðar hækkðu heildarlaun framkvæmdastjóra OR milli desember 2023 og desember 2024 um 9%. Stjórnarstörf eru aukastörf þótt sumir stjórnarmanna séu fulltrúar í sveita/borgarstjórn hjá eigendum fyrirtækisins.

Með vísan til framangreinds þykir eðlilegt að stjórnarlaun hækki sem nemur hækkun launavísitölu milli ára eða 6,4%. Samkvæmt því nemi stjórnarlaun aðalmanna 231.412 kr. (voru 217.493, 2024) á mánuði en varamanna helming þeirrar fjárhæðar fyrir hvern fund. Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Ekki verði greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Ef kjörinn stjórnarmaður er með lögheimili erlendis er heimilt að greiða honum aukalega vegna útlagðs kostnaðar, þ.m.t. kostnaður við að koma sér til og frá fundarstað (þetta á einungis við um staðfundi).

Laun stjórnarformanns skulu nema tvöföldum launum stjórnarmanna.

Samþykkt samhljóða.

Fundi frestað kl 17:15 vegna stjórnarfundar OR eigna um tillögur til aðalfundar.

Fundur hófst aftur kl 17:20.

8. Skýrsla regluvarðar. Frestað.
9. Lagt fram minnisblað, dags. 27.2. 2025 um stöðu auðlinda, nýsköpunar, sjálfbærni og umhverfi. Einnig lagt fram minnisblað, dags. 20. febrúar 2025 um orkuöflun og minnsiblað 20. febrúar 2025 um djúpvinnslu.

10. Innkaupastefna lögð fram, rýnd og samþykkt óbreytt.
11. Innkaupayfirlit fyrir árið 2024 lagt fram.
12. Dótturfélög. Stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda. Til upplýsingar.

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 19.02.2025.
Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr 236 dags. 24.01.2025.
Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar dags. 19.02.2025.
Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar nr. 71 dags. 22.01.2025
Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 19.02.2025.
Fundargerð stjórnarfundar Veitna nr. 162 dags. 23.01.2025
Minnisblað framkvæmdastýru Carbfex dags. 31.01.2025

13. Forstjóri gerði grein fyrir efni skýrslu sinni dags. 3. mars 2025.

14. Önnur mál.

Tillaga Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur, sem frestað var á SF360, lögð fram að nýju. Umræður. Tillögunni frestað til fundar þann 7. mars nk.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:50.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 31. mars 2025.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Skúli Þór Helgason,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Davíð Sigurðarson.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, föstudaginn 7. mars kl. 12:00 var haldinn 362. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

Einnig tóku þátt Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri, Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála, Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikingshalds, Bjarni Már Jóhannesson, endurskoðandi, og Davíð Arnar Einarsson endurskoðandi.

Fundarritari var Íris Lind Sæmundsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur eigna ohf. 2024.

Lögð voru fram drög að ársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur-eigna ohf. vegna ársins 2024. Einnig voru lögð fram staðfestingarbréf Grant Thornton, dags. 07.03.2025, ásamt endurskoðunarskýrslu, dags. sama dag.

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn og áritaður með rafrænum hætti.

Fundi slitið 12:17

2. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur 2024 - móðurfélag

Lögð voru fram drög að ársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2024 sem kynntur var á síðasta fundi stjórnar. Einnig voru lögð fram staðfestingarbréf Grant Thornton, dags. 7. mars 2025, ásamt endurskoðunarskýrslu, dags. sama dag, sem Davíð Arnar gerði nánari grein fyrir.

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn og áritaður með rafrænum hætti.

3. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur 2024 – samstæða

Lögð voru fram drög að ársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur samstæðu sem kynntur var á síðasta fundi. Einnig voru lögð fram staðfestingarbréf Grant Thornton, dags. 7. mars 2025, ásamt endurskoðunarskýrslu, dags. sama dag, sem Davíð Arnar gerði grein fyrir.

Einnig voru lögð fram greinargerð KPMG á skattaspori Orkuveitu Reykjavíkur árið 2024, dags. 1. mars 2025, erindi endurskoðunarnefndar Orkuveitunnar, dags. 4. mars 2025, varðandi ársreikning OR samstæðu fyrir árið 2024, og erindi sömu nefndar, dags. 4. mars 2025, varðandi fund endurskoðunarnefndar, 3. mars 2025.

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn og áritaður með rafrænum hætti.

Klukkan 12:40 véku Bryndís María, Davíð Arnar og Bjarni Már af fundinum.

4. Tillaga Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur frá SF360.

Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttir sem var frestað á SF 360:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að leggja fyrir eigendur að taka afstöðu til fjárframlaga og framtíðaráforma um stuðning við Carbfíx. Í 8. lið Eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er kveðið á um ákvarðanir sem hljóta skuli samþykki eigenda. Heildarupphæð brúarlána OR sem þegar hafa verið veitt til Carbfíx er rétt innan við 5% af eigin fé Orkuveitunnar samkvæmt árshlutareikningi fyrir fyrri hluta árs 2024. Fram kemur í umsögn rýnihóps Borgarráðs dagsett 18. ágúst 2022 að rökin fyrir stofnun Carbfíx hf. séu að takmarka áhættu samstæðunnar svo vöxtur verkefna Carbfíx sé ekki fjármagnaður úr sjóðum OR. Það leiðir af hlutarins eðli að lánsframlögin marka því stefnubreytingu frá forsendum eigenda fyrir stofnun Carbfíx hf. og skal því samkvæmt Eigendastefnu bera ákvörðunina undir eigendur til samþykkis.“

Lagt var fram minnisblað yfirlögfræðings og framkvæmdastjóra fjármála Orkuveitunnar, dags. 4. mars 2025, varðandi ákvörðun stjórnar um hækkun lánalínu til Carbfíx hf., og fram komna tillögu um að leita eftir afstöðu eigenda til ákvörðunarinnar.

Var tillagan þá borin upp til afgreiðslu og henni var hafnað með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Þórs Helgaonsar og Guðveigar Eyglóardóttur. Þórður Gunnarsson situr hjá. Ragnhildu Ralda María Vilhjálmsdóttir greiddi atkvæði með tillögunni og óskar bókað:

Nú er upphæð lánalínunnar sem stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt að veita Carbfíx hf. orðin 12 ma.kr. en skyldi Carbfíx hf. draga á alla lánalínuna yrdi heildarlánsfjárhæðin hársbreidd frá því að ná 5% af eigin fé Orkuveitu Reykjavíkur m.v. árshlutareikning fyrir fyrri hluta árs 2024. Þá ber stjórn OR að afla samþykki eigenda, en samkvæmt Eigendastefnu OR á að afla samþykki eigenda áður en stofnað er til slíkra skuldbindinga. Því metur undirrituð að réttast sé að afla samþykkis hjá eigendum fyrir lánalínunni áður en meira er á hana er dregið. Í umræðum kom fram að lánsfénu er ekki ætlað að fjármagna verkefnavöxt Carbfíx hf. Það skín í gegn í gögnum vegna stofnunar Carbfíx hf. að það var ekki hugsunin á bakvið veitta heimild eigenda að OR myndi fjármagna rekstur fyrirtækisins umfram stofnframlagið. Til dæmis kom fram í greinargerð við tillögu stjórnar OR dags 26.06.2021 að „Carbfíx hf. yrdi fjármagnað af fjárfestum og sjóðum en ekki er gert ráð fyrir að lánsfjármögnun að svo stöddu“. Undirrituð telur því ríkt tilefni til að kalla eftir afstöðu eigenda til fjárframlaga OR til Carbfíx hf. Sérstaklega í ljósi þess að stjórn Orkuveitunnar hefur ekki sett sér ramma utan um fjárframlög OR til Carbfíx né hvort eða þá hvernig þau framlög eru hluti af langtíma stefnumótun OR.

Minnisblað Gylfa Magnússonar lagt fram,

Þá var lögð fram svohljóðandi tillaga formanns stjórnar en henni fylgdi greinargerð sem hann gerði stuttlega grein fyrir

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykki, með vísan til fram komins minnisblaðs framkvæmdastjóra fjármála og yfirlögfræðings, að beina því til forstjóra að borgar-, bæjar og byggðaráðum eigenda verði kynnt sú sviðsmyndagreining sem gerð hefur verið vegna framtíðaráforma Carbfíx. Einig verði eigendum gerð grein fyrir hækkun og framlengingu lánalínu Orkuveitunnar til Carbfíx og hvaða áhrif sú ráðstöfun og rekstur Carbfíx hingað til hefur á heilarfjárhag samstæðu Orkuveitunnar.

Umræður.

Tillaga Gylfa Magnússonar var borin upp og samþykkt samhljóða.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir óskar bókað:

Undirrituð er alltaf hlynnt því að upplýsa eigendur. Þó eru gerðar athugasemdir við að réttlætingin fyrir því að hafna tillögu undirritaðrar um að eigendur fái að taka afstöðu til ákvörðunar um hækkun lánalínu Carbfíx um allt að 12 ma.kr., og þar með að rækja skyldur sínar samkvæmt eigendasamningi, er sú að lánsfénu sé ekki ætlað að fjármagna vöxt heldur rekstur Carbfíx. Þessi aðgreining er fáránleg enda er það reksturinn sem vex. Vöxtur fyrirtækis felst í því að reksturinn geti vaxið. Það þarf að fjármagna fjárfestingar og aukið rekstrarfé sem þarf í aukin rekstur. Ljóst er að ein höfuðforsenda samþykkis eigenda fyrir stofnun Carbfíx hf. og stofnframlagi OR var að utanaðkomandi aðilar myndu taka við fjármögnun fyrirtækisins, rekstrinum og vextinum meðtöldum. Það var sérstaklega tekið fram í greinargerð með tillögu um stofnun hlutafélagsins Carbfíx hf. dagsett 16. ágúst 2022 að:

„Ljóst er að félagið vantar töluvert fjármagn umfram það rausnarlega framlag sem OR hefur þegar samþykkt að veita félaginu. Þá liggur jafnframt fyrir að áhætta OR mun takmarkast við þau framlög sem þegar hafa verið samþykkt“.

Það fer því ekki á milli mála að það var hvorki hugur eigenda né stjórnar OR að OR tæki það að sér að tryggja rekstrarhæfi Carbfíx. Í þessu samhengi þarf að gera sérstaka athugasemd við greinargerðina sem fylgir tillögu stjórnarformanns OR þar sem stendur að ekki sé stætt að setja það í dóm eigenda hvort svipta eigi Carbfíx hf. fjármögnun. Að lokum minnir undirrituð á að það þarf að koma fram hvernig heildaráhættan verði miðað við mismunandi sviðsmyndir Carbfíx hf.

5. Önnur mál.

Lagt var fram minnisblað framkvæmdastjóra fjármála Orkuveitunnar, dags. 6. mars
Minnisblað um arðgreiðslu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:03.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 31. mars 2025.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

[Stefna lögð fyrir stjórn 24.04.2023. Með breytingu]



Jafnréttisstefna er skuldbinding Orkuveitu Reykjavíkur um stöðugar umbætur í jafnréttismálum. Orkuveitan leggur mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar til grundvallar jafnréttisstefnu sinni. Jafnréttisstefna Orkuveitunnar miðar að því að meta einstaklinga að eigin verðleikum og að þeir fái notið jafns réttar. Fyrirtækið vinnur markvisst að því:

- Að starfskjör fyrir jafnverðmæt störf séu óháð kyni.
- Að jafna hlutfall kynja innan Orkuveitu samstæðunnar og einstakra fyrirtækja, hópa, sviða, deilda.
- Að auka fjölbreytni innan fyrirtækja og hópa til að mynda varðandi kynferði, aldur, kynhneigð, trúarbrögð, skoðanir, þjóðerni, kynþætti, litarhætti, efnahag, ætterni og stöðu að öðru leyti.
- Að gera starfsfólki kleift að samræma sem best einkalíf og starfsábyrgð.
- Að efla jafnréttismenningu starfsfólks Orkuveitunnar samstæðunnar.
- Að efla fræðslu og vitund starfsfólks um málefni og áskoranir minnihlutahópa.
- Að vinna gegn einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni og kynferðislegri áreitni innan fyrirtækisins.
- Að tryggja fjölbreytni innan hópa á öllum stigum ábyrgðar- og ákvarðanatöku innan fyrirtækisins og tekið sé mið af jafnréttissjónarmiðum við stefnumótun og stærri ákvarðanir.
- Að tryggja gott aðgengi og vinnuaðstöðu á grundvelli líkamlegs og andlegs atgervis.

Orkuveitan uppfyllir kröfur í formi laga, reglna og reglugerða um jafnréttismál.

Jafnréttisstefnan byggir á gildum og heildarstefnu Orkuveitunnar og er sett fram til samræmis við eigendastefnu.

Mæling: Jafnlaunagreining

Tilvísanir:

[SKI-100](#); Ábyrgðir i vottuðum stjórnunarkerfum.
[SKI-245](#); Jafnlaunakerfi (ÍST 85).
[STE-019](#); Starfskjarastefna.
[STE-046](#); Jafnréttisáætlun.

Reykjavik Energy's Equality Policy



The equality policy is RE's commitment to continuous improvement based on equality. RE bases its equality policy on the human rights provisions of the constitution. RE's equality policy aims to value individuals on their own merits and for them to enjoy equal rights. The company systematically works to ensure that:

- The employee benefits of women and men are equal.
- The ratio between men and women, working at RE and within its groups and departments, is equal.
- Diversity within RE is increased, e.g. when it comes to gender, age, sexuality, religion, opinion, nationality, race, economic stance, family relations, and position in other respects.
- Employees maintain a healthy work-life balance.
- A culture of equality is reinforced.
- Employees are educated and made aware of topics and challenges of minority groups.
- Bullying, gender-based violence, gender-based harassment, and sexual harassment within the workplace is counteracted.
- Equality considerations are accounted for in policy-making and larger decisions.
- Good access and good work facilities based on physical and mental ability are provided.

RE meets all laws, rules, and regulatory requirements when it comes to equality issues.

The equality policy is based on RE's values and strategy and is presented in accordance with the company's ownership strategy.

[Stefna lögð fyrir stjórn 28.03.2022. Engar breytingar gerðar]

Eitt af gildum Orkuveitu samstæðunnar er heiðarleiki. Heiðarleiki snýr að því hvernig við komum fram við viðskiptavini og hvert við annað, hvernig við störfum og hvernig við tryggjum gegnsæi í rekstri. Siðareglur okkar byggja á gildinu heiðarleika. Siðareglurnar leiðbeina okkur þegar siðferðileg álitamál koma upp í starfi. Þær hjálpa okkur að láta **heiðarleika**, **virðingu** og **jafnrétti** einkenna öll okkar samskipti hvort sem er við viðskiptavini, samstarfsfólk, stjórn, verktaka eða aðra hagsmunaaðila. Þær eru ekki tæmandi og leysa okkur ekki undan undan þeirri ábyrgð að reiða okkur á eigin samvisku þegar siðferðileg álitamál ber upp.

Við erum heiðarleg:

- Við erum heiðarleg í öllum samskiptum sem tengjast starfi okkar.

Upplýsingagjöf og trúnaður

- Við veitum réttar upplýsingar um störf og rekstur fyrirtækisins og eigum frumkvæði að því að veita upplýsingar ef við á.
- Við virðum þagnarskyldu um trúnaðarupplýsinga eins og við á, einnig eftir að látið er af störfum.
- Við nýtum okkur ekki trúnaðarupplýsingar sem við fáum í starfi til ávinnings fyrir aðra en fyrirtækið.

Hagsmunaárekstrar

- Við forðumst hagsmunaárekstra og upplýsum um atriði sem kunna að valda hagsmunaárekstrum í starfi.
- Við misnotum ekki aðstöðu okkar í eigin þágu eða annarra hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar.
- Við upplýsum um spillingu sem og ólögmæta eða ótilhlýðilega háttsemi sem við verðum vör við í starfi.
- Við þiggjum hvorki né bjóðum gjafir, greiða eða aðra umbun sem er til þess fallin að hafa áhrif á sjálfstæði eða hlutleysi okkar í starfi.

Við sýnum virðingu:

- Við leggjum okkur fram um að auka virðingu fyrirtækisins í samfélaginu og tökum ekki þátt í vinnu, verkefnum eða samskiptum sem kastað geta rýrð á orðspor fyrirtækisins.
- Við leggjum okkur fram við sýna virðingu í samskiptum og að eiga frumkvæði að jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum.
- Við virðum tilfinningar, friðhelgi og einkalíf annarra ef slík mál koma upp í starfi.

Við virðum jafnrétti og önnur mannréttindi

- Við stuðlum að jafnrétti á vinnustað og erum málefnaleg og sanngjörn í öllum okkar samskiptum.
- Við mismunum ekki á ólögmætum eða ómálefnalegum forsendum, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana.
- Við erum umburðarlynd, tökum tillit til ólíkra sjónarmiða og leyfum hæfileikum hvers og eins að njóta sín.
- Við beitum ekki aðra einelti eða áreitni af neinu tagi.

Tilvísanir:

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

[Stefna lögð fyrir stjórn 28.03.2022. Engar breytingar gerðar]

MANAGEMENT MANUAL RE'S CODE OF CONDUCT STE-025-18.0

Integrity is one of RE's fundamental value. How we treat customers, how we treat each other, how we do our job and how well we ensure transparency in RE's operations is based on integrity. Our code of conduct is based on integrity. When ethical questions arise in RE's operations, the code of conduct provides guidelines. In addition, the code of conduct aids us in letting **integrity, respect and equal rights** characterise all our communication, be it with customers, with each other, the Board of Directors, contractors or other stakeholders. The code of conduct is not exhaustive, and it does not free us from the responsibility of following our conscience when ethical questions arise.

Integrity:

- Integrity is a key factor in our communication.

Disclosure and confidentiality

- We always provide correct information on RE's operations, and we take the initiative in providing information when applicable.
- We always respect confidentiality, also after leaving RE.
- We never use confidential information in the interest of third party, these information are only intended for RE.

Conflict of interest:

- We avoid conflict of interest, and we notify the company if there is a possibility of conflict of interest.
- We do not misuse our position for the benefit ourselves or others, regardless of when the undue advantage materialises.
- We notify the company if we become aware of corruption and/or any misconduct or illegal conduct.
- We neither accept nor offer gifts, favours, or any other reward, which might affect our independence or objectivity in our work.

Respect:

- We endeavour to uphold RE's good reputation in society, and we do not participate in projects, tasks or communication that might in any form damage its reputation.
- We endeavour to show others respect and take the initiative for positive and constructive communication.
- We respect feelings, sanctity and privacy of others.

Equal and human rights

- We promote equal rights in the workplace, we are objective and fair in our communication.
- We do not discriminate on the grounds of sex, race, origin, religious- or political beliefs.
- We display tolerance, accept different views, and allow different skills to prosper.

Reference:

[SKI-100](#): Guarantees in certified management systems.

[Stefna yfirfarin og breytingar gerðar á 3. gr. á stjórnarfundum þann 27.03.2023 og staðfest á eigendafundi 26.04.2023]

Starfskjarastefna þessi er sett í samræmi við [eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur\(OR\)](#) frá 2014, en þar segir í grein 6.4.:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skal setja fyrirtækinu starfskjarastefnu sem felur í sér hófsemi varðandi laun- og starfskjör starfsfólks. Laun stjórnenda skulu standast samanburð við sambærileg störf, þó að teknu tilliti til þess að fyrirtækið er í eigu opinberra aðila. Launakjör stjórnenda og annars starfslíðs Orkuveitu Reykjavíkur skulu ekki vera leiðandi á vinnumarkaði.

Stefnan miðar að því að starfskjör innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur séu samkeppnishæf, að það geti ráðið og haldið í hæft starfsfólk til að standa vörð um hlutverk fyrirtækisins. Starfskjarastefnan hefur langtímahagsmuni samstæðunnar að leiðarljósi, og skal stuðla að stöðugleika í rekstri og uppbyggingu þekkingar.

1. Starfskjör

Starfskjör í samstæðunni skulu vera samkeppnishæf við kjör í sambærilegum fyrirtækjum og að teknu tilliti til ákvæðis 6.4.3 í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Launakerfi Orkuveitunnar skal hafa jafnræði og gagnsæi að leiðarljósi og sambærileg laun skulu greidd fyrir sambærilegt vinnuframlag og árangur. Kynbundinn launamunur má ekki vera til staðar.

2. Stjórn móðurfélags Orkuveitu Reykjavíkur

Stjórnarmönnum er greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar. Starfskjaranefnd leggur fram tillögu til stjórnar um þóknun stjórnarmanna.

3. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

Stjórn ræður forstjóra Orkuveitunnar og ákveður starfskjör forstjóra. Starfskjaranefnd Orkuveitunnar skal endurskoða laun árlega og gera tillögu til stjórnar um breytingar með tilliti til markmiða og mælikvarða fyrirtækisins eftir því sem við á og með hliðsjón af 1. gr. starfskjarastefnunnar.

4. Annað starfsfólk Orkuveitu samstæðunnar

Forstjóri ræður þá stjórnendur móðurfélags, sem heyra beint undir hann í skipuriti. Hann ákvarðar laun þeirra og endurskoðar þau reglulega í samræmi við 1. gr. starfskjarastefnunnar. Framkvæmdastjórar ráða annað starfsfólk og ákvarða laun þeirra og endurskoða þau, sömuleiðis í samræmi við 1. gr.

5. Starfslok

Ekki skal gera samninga við stjórnendur, sem fela í sér starfslokagreiðslur umfram skyldur þess samkvæmt lögum og kjarasamningum, nema með samþykki stjórnar.

6. Stjórnir fyrirtækja innan Orkuveitu samstæðunnar

- Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur sef. og Orkuveitu Reykjavíkur -eigna ohf. gerir árlega tillögu að stjórnarlaunum dótturfélaga til samþykktar á aðalfundum dótturfélaga á grundvelli starfskjarastefnu.
- Áður en til samþykktar kemur þarf forstjóri að upplýsa stjórn móðurfélagsins um tillöguna til að unnt sé að staðfesta samræmi hennar við stefnu móðurfélagsins.
- Stjórnarlaun í dótturfélögum Orkuveitunnar eiga ekki að vera leiðandi en þó samkeppnishæf að teknu tilliti til þess að fyrirtækið er í eigu opinberra aðila.
- Starfsfólk samstæðunnar sem jafnframt eru stjórnarmenn í dótturfélögum njóta ekki stjórnarlauna.

7. Upplýsingagjöf

Starfskjarastefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu fyrirtækisins. Gera skal árlega grein fyrir þóknun stjórnar, forstjóra og æðstu stjórnenda í samsvarandi þremur liðum í ársreikningi fyrirtækisins. Einnig skulu koma fram greiðslur vegna stjórnarsetu eða annarra ytri verkefna sem tengjast beint starfi viðkomandi í Orkuveitunni.

8. Eftirfylgni, endurskoðun og samþykkt starfskjarastefnu

Starfskjarastefna Orkuveitunnar er samþykkt af stjórn sem leggur hana fyrir aðalfund. Starfskjaranefnd skal

[Stefna yfirfarin og breytingar gerðar á 3. gr. á stjórnarfundum þann 27.03.2023 og staðfest á eigendafundi 26.04.2023]
endurskoða starfskjarastefnu fyrirtækisins árlega og hefur eftirlit með að henni sé framfylgt.

9. Tilvísun

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

Reykjavik Energy Remuneration Policy

This remuneration policy is set in accordance with the ownership strategy of Reykjavik Energy from 2014, which states in article 6.4.:

Reykjavik Energy board will set a remuneration policy for the company that includes moderation regarding the salary and remuneration of employees. Management's salaries will be comparable to comparable jobs, taking into account that the company is owned by public entities. The remuneration of Reykjavik Energy's management and other staff shall not be leading in the labor market.

The policy aims for the remuneration within the Reykjavik Energy group to be competitive so Reykjavik Energy can employ and retain qualified staff to safeguard the company's role. The remuneration policy is guided by group's long-term interest and shall promote stability in operation and the development of knowledge.

The remuneration policy of Reykjavik Energy is built based on the above-mentioned stipulations.

1. Remunerations

Remunerations shall be competitive with the terms in comparable companies and shall take into account stipulation 6.4.3. in the Ownership Strategy of Reykjavik Energy. Equality and transparency shall be taken into consideration when wages are determined, and comparable wages shall be paid for a comparable work contribution and result. Gender-based pay gap may not exist.

2. Reykjavik Energy's board of directors

A set, monthly wage shall be paid to the members of the board in accordance with the decision of the Annual General Meeting. The remuneration committee submit a proposal to board on the remuneration of the members of the board.

3. Chief Executive Officer

The board appoints a Chief Executive Officer and decides his remuneration. Reykjavik Energy's remuneration committee reviews his remunerations annually and suggest changes according to company goals and measures when applicable and regarding article 1 of the remuneration policy.

4. Other staff of the Reykjavik Energy group

The CEO appoints the managers that directly report to him/her in an organizational chart. The CEO determines the managers' salaries and reviews them regularly regarding article 1 of the remuneration policy. Managers appoint other staff and determine their salaries, also regarding article 1 of the remuneration policy.

5. Retirement

Agreements shall not be made with management that include severance pay in excess of the company's obligations under law and wage agreements, except with the approval of the board

6. Subsidiaries' Boards of directors within the Reykjavik Energy group

Reykjavik Energy's CEO prepares annually a remuneration proposal for members of subsidiary boards for approval at the Annual General Meeting of the subsidiaries, based on the remuneration policy. Prior to approval, the CEO must inform Reykjavik Energy's board of directors of the proposal in order to confirm its compliance with Reykjavik Energy's policy.

[Stefna yfirfarin og breytingar gerðar á 3. gr. á stjórnarfundum þann 27.03.2023 og staðfest á eigendafundi 26.04.2023]

Board remuneration for Reykjavik Energy's subsidiaries should not be leading, yet competitive, taking into account that the company is owned by public entities.

7. Disclosure

The remuneration policy shall be accessible on Reykjavik Energy's home page. The board members' and the CEO's remunerations shall be published annually in the company's annual accounts.

Payments for board membership or other external projects that are directly related to the person's work in the company shall also be stated.

8. Follow-up, review, and approval of remuneration policy

Reykjavik Energy's remuneration policy is approved by the Board, which submits it to the Annual General Meeting. The Remuneration Committee shall review the company's remuneration policy annually and monitor its implementation.